

greiddi reiðilega. Þess vegna var það líka hans stærsta unun, að hrópa „Miskuna þú, miskuna þú“ o. s. fr., þegar að því kom. Og með þeim sömu rólegheitum og trúnaðartrausti, og þegar menn eru að selja kartöflur, blóm eða brenni, las hann og sagði alt, er honum var fyrirskipað.

Umsjónarmaðurinn og dýflissuverðirnir, þótt þeir hefði aldrei skilið þýðingu „dogmanna“ eða þess, er fram fór í kyrkjunni, né lagt sig fram um að rífa sundur ritningarnar, trúðu því, að þeir væru skyldugir að trúa, sérstaklega vegna þess að hin æðri yfirvöld og keisarinn sjálfur tryði. Þar að auk fannst þeim (þótt ekki væri þeir menn til að gjöra grein fyrir á hvern hátt), eins og þessi kyrkjulegi siður réttlætti fyrir heiminum þeirra grimmúðga atvinnuveg. Ef trú þessi hefði ekki verið til, þá hefði verið stórum erviðara fyrir þá, og máske alveg ómögulegt, að verja kröftum sínum í þjónustu mannlegra hörmunga og það með góðri samvizku.

Umsjónarmaðurinn var of hjartagóður maður til þess, að hann hefði getað lifað við það styrktarlaust frá trúarinnar hálfu. Þess vegna var það líka á meðan söngurinn um Kerúbana var sunginn, að hann stóð hreyfingarlaus og með trúarauðmýkt ýmist hneigði höfuðið eða signdi sig. Hann reyndi sitt ítrasta til að verða reglulega snortinn, og svo þegar börnin höfðu sakramentast, greip hann eitt þeirra í fang sér og hóf það upp frammi fyrir prestinum.

Meiri hluti bandingjanna trúði því, að gullnu líkneskjunum, skróðunum, kertunum, staupunum, krossunum og þessum óskiljanlegu orðum „Jesú ljúfasti...“ og „miskuna þú...“ fylgdi einhver dularfullur kraftur — kraftur, sem gæti látið manni hlotnast margvísleg þægindi bæði þessa heims og annars.

Að eins fáeinir sáu berlega svik þau og svívirðu, er framin var gagnvart fólki því, er virkilega hafði þessa trú. Og í hjarta sínu hæddu þeir allann þann skrípaleik. Því múgurinn, er reynt hafði upp aftur og aftur að ná öllum þeim gæðum, er faánleg eiga að vera, bæði með bænagjörðum, sálumessum og brennandi blysum, en engin þeirra hlotið (bænum þeirra verið ósvarað), var alveg sannfærður um það, að það væri að eins einhverjum óhöppum að kenna, að þeim hefði ekki lukkast það betur, og að